

REGLUGERÐ

98

20. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Patreksfjarðarkauptún, nr. 16 18. febr. 1944.

Á eftir 30. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, svo hljóðandi:

Þar til hafnarsjóður hefur reist eða eignast á annan hátt hafnarmannvirki, sem nota má við afgreiðslu þeirra skipa, er til Patreksfjarðar koma að staðaldri, eða hefur gert mannvirki til sameiginlegra nota fyrir alla afgreiðslu á staðnum, svo sem hafnargarða, dýpkun o. s. frv., skal ekki taka gjöld þau, sem um ræðir í 23. gr., af neinum þeim vörum, sem fara um hafskipabryggjur í einkaeign á staðnum, né heldur bryggjugjöld af skipum, er nota bryggjur þessar.

Þó skal vörugjaldið innheimt af öllum vörum og fiski af bátum, sem geta lagzt að bátabryggju við höfnina, hvort sem þær eru í einkaeign eða hafnarsjóðs, með því að hafnarsjóður á þegar slíka bryggju.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 67/1942 til þess að öðlast gildi þegar í stað að birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júní 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

99

26. júní

fyrir Læknisvitjanasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps, í læknishéraði Austur-Húnavatnssýslu og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa Bólstaðarhlíðarhrepps til læknisvitjana eða auðvelda þeim læknissóknina á annan hátt, svo og að létta hreppsþúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynna að heilbrigðismálum hreppsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórinn í Bólstaðarhlíðarhreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd. Hreppstjórinn er formaður sjóðstjórnarinnar og jafnframt reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa Bólstaðarhlíðarhrepps;
2. tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsþúa;
3. áheit og aðrar gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast;
4. læknisvitjanastyrkir, sem veittir kunna að verða.